

# www.live.is

Viltu fá fróðleiksmola og nýjustu fréttirnar í tölvupósti?

Skráðu þig á póstlista LV á [www.live.is](http://www.live.is)

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar

**Séreignarsparnaður**

Nýr sjóðfélagi

Sjóðfélagalán

Ímyðunarafl / LV / Prentun: Pixel

## NÁNARI UPPLÝSINGAR


- » [www.live.is](http://www.live.is) – Upplýsingar um þjónustu og starfsemi sjóðsins.
- » **Sjóðfélagavefur** – Aðgengilegar upplýsingar um réttindi og stöðu lána. Hægt er að fá aðgangsorð sent í netbanka eða með pósti á lögheimili viðkomandi sjóðfélaga.
- » **Skrifstofa sjóðsins** – Starfsfólk þjónustuvers veitir sjóðfélögum upplýsingar um þjónustu sjóðsins.



Séreignarsparnaður er einföld leið til að auka ráðstöfunartekjur og möguleika á sveigjanlegum starfslokum.

Launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar geta greitt allt að 4% af heildarlaunum sínum í séreignarsjóð áður en skattur er reiknaður á laun.

Séreignarsparnaður er góð leið til að draga úr áhrifum þeirrar tekjulækkunar sem margir standa frammi fyrir við starfslok.



Myndin sýnir mjög einfaldað dæmi um tekjubróun einstaklinga yfir ævina. Miðað er við 12% iðgjald í samtryggingardeild og samtals 6% (4% + 2%) í séreignarsparnað. Mánaðarlaun eru áætluð 300.000 kr. í 40 ár, frá 27 ára aldri til 67 ára aldurs. Úttekt séreignarsparnaðar er dreift til 85 ára aldurs. Miðað er við 3,5% ávöxtun en ekki er gert ráð fyrir verðbólgu eða kaupmáttarbreytingu á tímabilinu. Hafa ber í huga að erfitt er að spá 40 ár fram í tímann um ávöxtun og launabróun vegna fjölmargra óvissuþátta. Hægt er að skoða áætlun lífeyrissparnaðar í lífeyrisreiknivél sjóðsins á live.is miðað við forsendur hvers og eins.

## HVAÐ ER MÓTFRAMLAG LAUNAGREIÐANDA?

Samkvæmt kjarasamningum á launþegi rétt á 2% mótframlagi launagreiðenda í séreignarsjóð. Það þýðir að þeir sem spara 2% eða 4% af launum fá 2% launaauka í formi mótframlags frá launagreiðanda.

## Myndir þú hafna 2% launahækkun?

### ÞAÐ ER EINFALT AÐ BYRJA...

Samning um séreignarsparnað má nálgast á vef eða á skrifstofu sjóðsins. Samningi þarf að skila undirrituðum.

## AF HVERJU ÆTTI ÉG AÐ HEFJA SÉREIGNARSPARNAD?

- » Viðbótarframlag frá launagreiðanda 2%
- » Auknar tekjur á efri árum
- » Ávöxtun séreignarsparnaðar er undanþegin fjármagnstekjuskatti
- » Óheimilt er að ganga að séreignarsparnaði við innheimtu skulda
- » Séreignarsparnaður erfist

## ÁVÖXTUNARLEIÐIR

Sjóðurinn býður upp á tvær ávöxtunarleiðir, verðbréfaeið og innlánsleið.

Verðbréfaeið	Innlánsleið
Verðbréfaeið er ávöxtuð samhliða eignum samtryggingardeildar sjóðsins. Eignasamsetning er dreifð samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.	Í innlánsleið er lögð áhersla á ávöxtun í verðtryggðum innlánsreikningum banka og sparisjóða.

Á fjárfestingarhluta vefs sjóðsins er hægt að fá greinargóðar upplýsingar um ávöxtun og eignasamsetningu hvorrar leiðar.

## SKATTAMÁL

Greiddur er tekjuskattur af séreignarsparnaði við útgreiðslu, með sama hætti og af launatekjum, þar sem framlög til séreignarsparnaðar eru frádráttarþær frá skatti. Ávöxtun séreignarsparnaðar er undanþegin fjármagnstekjuskatti. Reglur taka mið af skattalögum á hverjum tíma.

## ÚTGREIÐSLA SÉREIGNAR

Séreignarsparnaður greiðist út samkvæmt eftirfarandi reglum:

- » Heimilt er að greiða séreign út við 60 ára aldur
- » Vegna veikinda eða slysa sem leiða til a.m.k. 50% varanlegrar örorku
- » Við andlát sjóðfélaga

Hægt er að sækja um úttekt séreignar með rafrænum hætti á vef sjóðsins eða skila inn umsókn á skrifstofu sjóðsins.